# Hetjusaga

Ragnar Ásgeirsson, sem auk þess að vera mikilsverður starfsmaður Búnaðarfjelagsins, er skemtilegur rithöfundur, sendi mjer „Sögu smábýlis“ eftir Hákon Finnsson á Borgum. Þótti mjer vænt um, því að ekki er að vita, nema bók þessi hefði farið framhjá mjer að öðrum kosti. Hefði það verið skaði, því að þarna er um samnefnda hetjusögu að ræða, og fyrirmyndarmann í búskaparefnum. Og hve mjög lesandinn hlýtur að óska þess, að erfiðleikarnir hefðu verið nokkru minni fyrir þennan mikla starfsmann, og hjálpin nokkru meiri, svo að heilsan hefði getað enst honum til góðrar elli, einsog hann hefði svo mjög átt skilið. Lesið um ferð Hákonar til kaupa á hinni dýru jörð, þar sem hann vann svo merkilegt verk síðan; 4—5 daga ganga hvora leið, og veðrið stundum þannig að hann varð að skríða. Eða þegar hann er að flytjast til hins nýja bústaðar. Er þar skemtilegt að lesa um viðtökur hreppstjórahjónanna í hinni nýju sveit, foreldrar Þorbergs heitins Þorleifssonar í Hólum, sem var einn af vinum mínum, og jeg dáðist að bæði sakir vits og innrætis. —

Hákon í Borgum er nú farinn að heilsu og rúmfastur, og virðist nokkurnveginn auðskilið, hvernig á því muni standa, þegar þess er gætt, hve mikil ritstörf hann lagði á sig á stundum, sem hann hefði svo mjög þurft að geta hvílst eftir það ískemlega erfiði sem hann stundaði af svo miklu kappi.

Hákon verður sjötugur 16. júlí, ef jeg man rjett, og er vonandi, að þess afmælis verði þannig minst, að hinum sjúka merkismanni geti orðið til nokkurrar ánægju og hressingar.

9. júní Helgi Pjeturss.